

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum, er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldanda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. mars 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

8. mars 1982.

Nr. 149.

REGLUGERÐ

um B-gatnagerðargjöld í Borgarfjarðarhreppi.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja á B-gatnagerðargjald á hús, nýbyggingar og stækkun eldri húsa sem standa á lóð sem skráð er við götu sem lögð hefur verið bundnu slitlagi.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	2%
Raðhús og tvíbýlishús	1,4%
Fjölbýlishús	1%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2%
Opinberar byggingar	2%
Önnur hús og byggingar	1%

Lágmarksgjald af húseign skal miða við 200 m³ þó hús sé minna.

3. gr.

Gatnagerðargjöld skv. 2. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma, sem lokaframkvæmdir við lagningu bundins slitlags fer fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

Gatnagerðargjald skv. 2. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafli, öðrum en lagningu gangstéttar, er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar ef um hús við fullgerða götu er að ræða. Heimilt er gjaldanda að greiða 80% gjaldsins með skuldabréfi sem greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum, enda séu lánskjör skuldaþréfsins hin sömu þ.e., vextir og verðtrygging, og eru á lánum Byggðasjóðs á hverjum tíma.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 10% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð.

4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af fasteignum þeirra eigenda, sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra, sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi seld, skal sveitarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum breytingum skv. vísitölu enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum, verðtryggingu og dráttarvöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1985.

Hreppsnefnd sker úr um meiriháttar ágreining sem rísa kann um álagningu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. mars 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrátti er tekur til Austursvæða í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið hinn 15. mars 1982 staðfest skipulag Austursvæða í Reykjavík en þau takmarkast á þessa leið:

Mynni Elliðaáa (Elliðaárós), vestari kvísl þeirra að mótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar. Síðan Reykjanesbraut og mörk Reykjavíkur og Kópavogs um Selhrygg og Vatnsendahæð að Elliðaám og þaðan áfram austur fyrir Skyggni. Þá tekur við strönd Elliðavatns að mörkum Rauðhólafólkvangs við Bugðu. Síðan fylgja mörkin Bugðu uns hún kemur að Suðurlandsvegi, en þá ræður vegurinn þar til kemur að mörkum Mosfellshrepps vestan við Geitháls. Eftir það ráða mörk Reykjavíkur og Mosfellshrepps allt að ósum Korpúlfsstaðaár (Úlfarsár). Þá tekur við strandlengjan allt að Elliðaárósum og er Geldinganes þar innifalið.

Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur Reykjavíkur 1962—1983 sem staðfestur var af ráðuneytinu 3. júlí 1967 að því er tekur til ofangreinds svæðis.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.